

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Reyðarfjarðar.

1. gr.

Vatnsveita Reyðarfjarðar er fyrirtæki, sem Reyðarfjarðarhreppur er eigandi að, og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf heimila, hafnarinnar og fyrirtækja á Reyðarfirði. Vatnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Vatnsveita Reyðarfjarðar.

2. gr.

Vatnsveita Reyðarfjarðar hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, innan lögsagnarumdæmis kaupþúnsins.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna undir yfirstjórn hreppsnefndar. Í vatnsveitunefnd séu þrír menn og þrír til vara.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Reyðarfjarðar skal senda vatnsveitunefnd umsókn þar um. Umsókn þessi skal vera skrifleg, og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatnið skuli notað. Með umsókninni fylgi uppdráttur af heimæð í tvíriti og eigi í minni mælikvarða en 1:1000. Á afstöðumynd skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað við vatnsveituaeð. Áliti vatnsveitan nauðsyn á, að gerðir séu nánari uppdráttir eða séruppdráttir, skulu þeir látnir í té.

5. gr.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituaeðum að húsi eru eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögnum þeirra og viðhaldi. Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagðar af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda. Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð og er óheimilt að tengja saman húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vidd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið, hvernig skipt skuli við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt. Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá til þess leyfi bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

6. gr.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimila, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögnum vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fái endurgreiddur, annað hvort með beinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

Hreppsnefnd áskilur sér rétt til að ákveða heimtaugagjöld.

Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiaðum, enda þótt húseignendur hafi í upphafi borið að einhverju eða öllu leyti þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðru vísi verði um samið.

7. gr.

Vatnsveitan hefur eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Alíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að verða.

8. gr.

Vatnsveitunefnd eða mönnum í umboði hennar er heimilt að fara um hús og lóðir, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits með vatnsnotkun, enda komi þar til fullar bætur ef um skemmdir verði að ræða. Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseigenda. Þyki útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust láta bæta úr því, ella er vatnsveitunni heimilt að láta gera það á kostnað húseigenda. Enn fremur er vatnsveitunni heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða standa í vanskilum við vatnsveituna. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum.

Vatnsveitan getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið þegar þörf krefur vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

9. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns eða hlíti ekki fyrir mælum vatnsveitunnar, um viðhald eða breytingu vatnsæða, hefur vatnsveitan rétt til þess að loka heimæð hans að undangenginni aðvörun.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

Enn fremur getur hún krafizt þess, að fyrirtæki, er mikið vatn nota, afli sér sparneytnari véla eða setji upp geyma til söfnunar vatns að næturlagi. Ef fyrir mælum vatnsveitunnar er eigi sinnt innan hæfilegs frests, er heimilt að loka fyrir heimæð fyrirtækisins.

Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið af ofangreindum ástæðum.

10. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum. Vatnsveitan getur krafizt þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar á hávaða frá dælu.

11. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengdar, að eigi sé hætt á, að vatnið í æðunum óhreinkist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum. Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

12. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma.

Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir eigandi.

13. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum, hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

14. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki ef rök mæla með því, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, sé ekki önnur úrlausn fyrir hendi, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

15. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna setur hreppsnefnd henni gjaldskrá. Árlegan vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í Reyðarfjarðarkaup-túni, sem standa við götu eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja. Skattur þessi skal miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverði húseignar. Sé hús, sem greiða ber vatnsskatt af, ekki virt fasteignamatsvirðingu, ákveður vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskattur til viðbótar venjulegum vatnsskatti skal leggja á þá aðila, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa. Aukavatnsskattur skal miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverði, og/eða samkvæmt mældri vatnsnotkun. Ef notað er vatn án mælis er vatnsveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun.

16. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 1. febrúar ár hvert, og ber að greiða skattinn til skrifstofu Reyðarfjarðarhrepps.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mæli, er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

17. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins.

Vatnsveitan sér um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er hreppsnefnd ákveður í gjaldskrá. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhússkerfi.

Verði vatnsmæli eigi komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á eigin kostnað.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

18. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að ákveða, að hafnarsjóður Reyðarfjarðar greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer við höfnina, að undanskilum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

19. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki að viðlögðum sektum fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

20. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanksárið og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslu.

Reikningar vatnsveitunnar skulu fylgja reikningum sveitarsjóðs.

21. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 5000.00 — fimm þúsund — nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé rennur í vatnssveitusjóð. Valdi nokkur skemmdum á veitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Reyðarfjarðar nr. 79 5. maí 1965.

Félagsmálaráðuneytið, 12. maí 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.